

FLE FRÉTTIR

Útgefandi
Félag
löggitra
endurskoðandi

1. árg. 1. tbl. janúar 1978

FRÉTTABLAÐ FLE

A undanföörnum árum hafa stjórnir félagsins sent félagsmönnum margvíslegar tilkynningar og upplýsingar sem varða starf hins löggilta endurskoðanda. Sú stjórn, sem nú situr, telur þetta verkefni stjórnarinnar vera mjög mikilvægt, þ.e. að dreifa til félagsmanna fróðleik um fagið og veka athygli á ýmsu nýju efni, sem það varðar, bæði innlendu og erlendu.

Stjórnin ætlar að freista þess að koma slíkri upplýsingamiðlun í fréttablað sem gefið verður út einu sinni í mánuði til reynslu fyrst um sinn. Fyrirhugað er að birta í blaðinu nýjar fréttir af félagsstarfinu almennt, starfi nefnda félagsins, samskiptum FLE við erlend sambönd og frumvörpum sem varða starfsemi endurskoðanda. Ennfremur verður reynt að geta um nýjar bækur, tímarit og greinar, sem áhugaverðar þykja og vakin verður athygli á dómum og úrskurðum sem stjórnin fær upplýsingar um.

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi um það efni, sem stjórnin hefur rætt um að erindi eigi í blaðið, en það er von stjórnarinnar að félagsmenn komi á framfæri ábendingum um efni eða veki athygli á atriðum sem áhugaverð eru fyrir félagsmenn.

Það er ekki ætlun stjórnarinnar að draga á neinn hátt úr mikilvægi tímarits FLE með útgáfu fréttablaðsins en tímaritið verður áfram vettvangur fyrir greinar og ýmsan fróðleik sem snertir starfsemi endurskoðanda og það er von stjórnarinnar að tímaritið haldi áfram að eflast að gæðum eins og það hefur gert á undanföörnum árum.

AÐALFUNDUR 1977

Aðalfundur félagsins var haldinn 26. nóvember 1977. Fundinn sátu 38 félagsmenn og voru aðalfundarstörf með hefðbundnum hætti. Fráfarandi formaður, Geir Geirsson, flutti skýrslu stjórnar og gjaldkeri, Valdimar Guðnason, las og skýrði reikninga félagsins. Á fundinum var Ólafur Nilsson kjörin formaður, en aðrir í stjórn þeir Valdimar Guðnason, Þráinn S. Sigurjónsson, Símon Hallsson og Sveinn Jónsson.

A fundinum fluttu fastanefndir skýrslur um starf sitt og lögðu fram gögn. Má nú segja að starf þeirra sé að komast á fastan grundvöll og nokkurra afreka sé að vanta í náinni framtíð.

Í endurskoðunarnefnd voru kjörnir Gunnar Sigurðsson, Halldór Asgrímsson og Stefán Svavarsson, en í reikningsskilanefnd voru kjörnir Atli Hauksson, Bjarni Lúðvíksson og Ólafur G. Sigurðsson.

Undirbúningsnefnd NRK skilaði af sér nokkrum fjármunum til félagsins, sem ætlunin er að halda aðgreindum í sérstökum sjóði.

FÉLAGSSTARFIÐ

VERKASKIPTING STJÓRNAR: Á fyrsta stjórnarfundinum hinnar nýkjörnu stjórnar skipti hún með sér verkum þannig: Ólafur Nilsson formaður, Valdimar Guðnason varaformaður, Þráinn S. Sigurjónsson ritari, Símon Hallsson gjaldkeri og Sveinn Jónsson meðstjórnandi.

HÁDEGISFUNDIR: Hádegisfundir verða fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði í vetur nema í mars, en þá er hann annan miðvikudaginn í mánuðinum. Fundirnir verða að Þinghóli, Hotel Holti 1. febrúar, 8. mars, 5. apríl, 3. maí og 7. júní.

Tveir fundir hafa verið haldnir á starfsárinu og voru báðir vel sóttir.

Hinn 7. desember flutti Jakob Sigurðsson, deildarstjóri tölvudeildar Flugleiða hf. erindi um notkun mikrofílmur, sem notaðar eru við tölvu-útskriftir í stað pappírs. Sýndi hann slíkar filmur og tæki til að lesa þær.

Hinn 4. janúar s.l. flutti Sveinn Jónsson erindi um hinar nýju reglur sem heimila opnun innstæðureikninga í erlendum gjaldeyri við íslenska banka sem hafa heimild til gjaldeyrisviðskipta og dreifði hann gögnum varðandi hinar nýju reglur.

Næsti félagsfundur verður helgaður skattamálum.

SKATTAHANDBÓK: Stjórnin hefur hafið undirbúning að útgáfu skattahandbókar, sem verður lausblaðamappa með helstu lögum og reglugerðum er varða skattlagningu og skattframtöl einstaklinga og félaga. Nánar tiltekið verður efni handbókarinnar skipt í eftirtalda megin flokka:

- Tekjuskattur og eignarskattur
- Tekjustofnar sveitarfélaga
- Launaskattur, atvinnuþryggingar og sjúkratryggingagjald
- Iðnlánasjóðsgjald, iðnaðargjald og iðnaðarmálagjald
- Söluskattur
- Vörugjöld
- Aukatekjur ríkissjóðs

Nokkur fleiri atriði eru enn til athugunar í þessu sambandi, sem ekki er ástæða til að telja upp hér.

Nú liggur fyrir sérprentuð heildarútgáfa laga um tekjuskatt og eignarskatt og er ætlunin að hún verði í handbókinni. Ekki er hægt að segja um það nú hvenær handbókin verður til afgreiðslu en vonast er til að það geti orðið í febrúar n.k.

FÉLAGSHEIMILIÐ: Félagsheimilið á Hverfisgötu 106a verður opið á mánudögum kl. 17 - 19. Félagsmönnum skal bent á að meðal lesefnis, sem þar liggur frammi, eru eftirtalin tímarit sem félaginu berast reglulega: Tímarit lögfræðinga, Revision og regnskapsvæsen (danskt), Idébat (danskt), Revisjon og regnskab (norskt), Balans (sænskt), Certified Accountant (enskt), Accountancy (enskt), Journal of Accountancy (bandarískt), International Journal of Government Auditing (bandarískt)

Félagsmenn eru hvattir til að líta inn.

SAMRÆMING BÓKHALDSLYKLA OG ÁRSREIKNINGA

Mikill áhugi virðist nú ríkjandi meðal ýmissa hagsmunasamtaka fyrir samræmingu bókhaldslykla og ársreikninga. FLE er kunnugt um að eftirtaldir aðilar hafa nýverið gefið út handbækur um þetta efni:

FÉLAG ÍSLENSKRA STÓRKAUPMANNA: Bókhaldslykill ásamt skýringu, útg. í nóvember 1977.

KAUPTMANNASAMTÖK ÍSLANDS: Bókhaldshandbók fyrir smásöluverslanir, útg. í febrúar 1977.

SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA: Samræmdur ársreikningur og bókhaldslykill, útg. í janúar 1977.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA: Bókhaldslykill sveitarfélaga ásamt færsluleiðbeiningum og formi ársreiknings, útg. í nóvember 1977.

Þeim félagsmönnum, sem kynnu að hafa áhuga á að afla sér þessara handbóka, skal bent á að snúa sér til framangreindra aðila.

Í STUTTU MÁLI

NORRÆNA ENDURSKOÐUNARNEFNDIN: Gunnar Sigurðsson sat fund í norrænu endurskoðunarnefndinni sem fram fór í Stokkhólmum 12. og 13. desember s.l. Nánar verður sagt frá fundinum í næsta blaði.

UEC: VIII ráðstefna UEC fer fram í Dublin á Íslandi dagana 18. til 22. september 1978. Félaginu hafa borist frekari upplýsingar um ráðstefnuna sem því miður nægja ekki öllum félagsmönnum, en þeim sem áhuga hafa á ráðstefnunni er bent á að snúa sér til stjórnarinnar. Einnig munu upplýsingar liggja frammi í félagsheimilinu.

NEMAR Í ENDURSKOÐUN: Veruleg próf fyrir nema í endurskoðun voru haldin í desember. Próf tóku 40 nemar. Þá voru í desember einnig haldin svenefnd bókleg próf. Var prófað í þrem greinum nú, en fjórar verða á dag-skrá næsta haust. Alls eru, samkvæmt upplýsingum prófnefndar, 18 nemar innritaðir til prófs, en hluti þeirra tekur ekki öll prófin. Niðurstöður þessara prófa liggja ekki fyrir.

12 nemar eru á fjórða ári í viðskiptadeild Háskólans með endurskoðun sem kjörsvið. Þar að auki hafa þrír lokið prófi og einn mun væntanlega ljúka prófi nú í janúar.

FRUMVARP TIL HLUTAFÉLAGALAGA: Nefnd á vegum félagsins vinnur nú að athugun frumvarps til laga um hlutafélög. Ætlunin er að félagið sendi breytingartillögur og athugasemdir til Alþingis innan tíðar. Að sögn formanns fjárhags- og viðskiptanefndar efrideildar Alþingis hefur nefndin haldið marga fundi um frumvarpið og m.a. kannað þar athugasemdir og ábendingar sem fram hafa komið. Verður nú tekið til við að semja breytingartillögur og er ætlað að frumvarpið með nokkrum breytingum geti orðið að lögum í vetur.

FRUMVARP TIL GJALDÞROTALAGA

Nýlega var lagt fram frumvarp til gjaldþrotalaga. Hljóti frumvarpið samþykki Alþingis, munu hin nýju lög leysa af hólmi lög um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 með síðari breytingum.

Frumvarpið er mikið að vöxtum og í því felast margvíslegar breytingar frá núgildandi löggjöf. Nauðsynlegt er, að löggiltir endurskoðendur kynni sér meginefni frumvarpsins og fylgist með framgangi þess á Alþingi. Ef til vill kann að þykja ástæða til að FLE láti frá sér heyra um einhver atriði frumvarpsins.

A þessum vettvangi eru ekki tök á að fjalla um frumvarpið á breiðum grundvelli, en farið skal nokkrum orðum um þau ákvæði þess, sem beinlínis varða löggilta endurskoðendur.

Í II. kafla frumvarpsins eru allitarleg ákvæði um greiðslustöðvun og réttarverkanir hennar. Hér er um nýmæli að ræða og segir í athugasemdum frumvarpsins, að tilgangur greiðslustöðvunar sé að stuðla að því, að bú komi fyrr til gjaldþrotaskipta en nú er og lánardrottinn fái þess vegna meira upp í kröfur sínar. Upphafsgrein þessa kafla hljóðar svo: "Sá sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, en vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur til þess ráðið, getur óskað þess, að skiptaráðandi heimili honum greiðslustöðvun í allt að 3 mánuði með þeim réttarverkunum, sem í 8. gr. segir". Í næstu greinum er síðan m.a. vikið nánar að réttindum og skyldum aðstoðarmanns skuldara, en rétt framkvæmd greiðslustöðvunar er að ýmsu leyti háð því, að aðstoðarmaðurinn leysi starf sitt vel af hendi.

Í III. kafla er fjallað um það, hvenær bú einstaklings, félags eða stofnunar skuli taka til gjaldþrotaskipta. Þar er að finna það nýmæli, að meðal ástæðna, sem nægar teljast til að kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti beri að taka til greina, skuli vera sú að á síðustu 3 mánuðum liggi fyrir yfirlýsing, sem skiptaráðandi telur rétta, frá löggiltum endurskoðanda, sem kannað hefur hag skuldara, eða frá skattyfirvöldum eða öðrum opinberum stofnunum, þess efnis að skuldari geti ekki staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga.

Í 2. tölulið 102. gr. frumvarpsins segir: "Þegar eignir bús eru verulegar eða málefni þess flókin, getur skiptaráðandi ráðið löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga búsins í þeim mæli, sem skiptaráðandi ákveður fyrirfram. Til þess má og fá aðra, sem haft hafa afskipti af málum þrotamanns fyrir gjaldþrotið. Kostnað við þessa endurskoðun skal greiða úr búinu". Þessu til samanburðar skal nefnt, að í 3. tölulið 8. gr. núgildandi gjaldþrotaskiptalaga er svohljóðandi ákvæði: "Nú telur rannsóknardeild skiptaréttar þörf á aðstoð bókhaldsfróðs manns, og kveður hún þá slíkan mann til".

Athygli skal vakin á XI. kafla frumvarpsins, sem fjallar um "stöðu þrotamanns". Þar segir, að reglur, sem í kaflanum eru settar um þrotamann sjálfan, gildi einnig um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana, svo og um menn sem áður gegndu störfum þeirra". Hér er m.a. um að ræða bann við því að fara úr landi án leyfis skiptaráðanda og hugsanlegar hömlur á því að skipta um heimili eða dvalarstað. Í núgildandi lögum gilda þessar hömlur ekki um endurskoðendur.

Margvísleg athyglisverð nýmæli eru í frumvarpinu, sem ekki er rúm til að minnst á hér. Með frumvarpinu fylgja fróðlegar niðurstöður könnunar á gjaldþrotauðrskurðum hér á landi á árunum 1960 - 1974.